

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar, nr. 320/2025.

1. gr.

1. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er skipuð sjö fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við samþykktina breytist og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal núverandi sveitarstjórn starfa með óbreyttum hætti þar til að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum 2026. Við sveitarstjórnarkosningar 2026 skulu kjörnir sjö fulltrúar í sveitarstjórn.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 10. mars 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.